

Skýrsla vegna eftirfylgni úttektar á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Norðurlands

Haustið 2014 sameinuðust heilbrigðisstofnanir á Norðurlandi í eina stofnun, Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN). Embætti landlæknis gerði í maí-júní 2017 hlutaúttekt á starfsemi og þjónustu heilsugæslu HSN. Við úttektina kom í ljós að vel hafði tekist til við sameiningu stofnananna og að almennt ríkti góð sátt um hana meðal starfsfólks og þjónustuþega.

Ábendingar Embættis landlæknis að lokinni úttekt

- Ráða bót á mönnun lækna.
- Efla geðþjónustu.
- Efla heilsugæslu eldri borgara.

Eftirfylgd úttektar

Vegna eftirfylgni úttektar bað Embætti landlæknis um greinargerð frá stjórnendum Heilbrigðisstofnunar Norðurlands síðla hausts 2018 varðandi það hvernig brugðist hefði verið við ábendingum embættisins. Greinargerð frá stjórnendum HSN barst embættinu þann 20. nóvember 2018 og eru helstu niðurstöður tíundaðar hér að neðan. Þar sem ábendingar voru fáar var ákveðið að funda með stjórnendum HSN gegnum Skype og fór sá fundur fram þann 6. desember sl.

Niðurstöður eftirfylgdar

- **Ráða bót á mönnun lækna.**

Í hlutaúttekt Embættis landlæknis á heilsugæslu HSN kom í ljós að mönnun lækna var ákveðið vandamál, sérstaklega á heilsugæslustöðinni á Blönduósi þar sem verktakalæknar sinna lækniþjónustu til skiptis. Fram kom í greinargerð vegna eftirfylgni úttektar frá stjórnendum HSN að snemma árs 2016 hefði stofnunin auglýst lausar stöður lækna á Blönduósi en ekki haft erindi sem erfiði. Því var ákveðið að endurnýja samninga við hóp lækna um verktakaþjónustu á Blönduósi.

Í greinargerðinni kemur fram að erfiðleikar hafa verið við að manna læknisstöður jafnt í dreifbýli sem á Akureyri. Nýlega hafi til að mynda lykillæknir á Húsavík látið af störfum og á næstu árum komast margir á aldur. Mjög lítil eftirspurn er eftir þeim stöðum sem auglýstar hafa verið og leggur HSN því á það aðaláherslu að manna þær starfsstöðvar sem að mestu eru mannaðar launamönnum frekar en að gera breytingar á fyrirkomulagi lækniþjónustu á Blönduósi.

Fram kom fram að læknasamningar sem gerðir voru árið 2015 gerðu störf í dreifbýli síður samkeppnisfær við störf á sjúkrahúsum. Þá telur stjórn HSN að ný tekjulíkon heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins hafi

dregið úr samkeppnishæfni launakjara í dreifbýli. HSN hefur ítrekað óskað eftir aðstoð velferðarráðuneytisins við að vinna úr þessari stöðu án verulegs árangurs.

Stofnunin hefur reynt að koma til móts við fyrrnefndan skort á heimilislæknum með því að bjóða upp á nám í heimilislækningum. Alls eru sjö læknar við slíkt nám hjá stofnuninni, þar af sex á Akureyri.

Það er því ljóst að ef fram fer sem horfir þá mun að öllum líkindum verða skortur á sérmenntuðum heimilislæknum víða á landsbyggðinni á næstu árum.

- **Efla geðþjónustu.**

Við hlutaúttekt Embættis landlæknis kom fram að almenn þjónusta fyrir fólk með geðrænan vanda er almennt hjá heimilislæknum HSN en geðlæknir kemur reglulega á heilsugæslustöðina á Húsavík. Í viðtölum við starfsfólk á HSN kom fram að kallað væri eftir aukinni sérhæfðri þjónustu við þá sem glíma við geðheilsuvanda.

HSN hefur lokið við að koma upp sálfræðiþjónustu á öllum starfsstöðvum stofnunarinnar og er aðaláhersla á þjónustu við börn og mæður og notkun á hópmeðferðum eftir því sem við verður komið.

Í eftirfylgniúttekt kom fram að HSN hefði í hyggju að koma upp geðheilsuteymi á Norðurlandi og hefur sent velferðarráðuneytinu umsókn um fjárstuðning. Með umsókninni voru hugmyndir um tíu manna fjölbreytt lið sérfræðinga sem skipa myndu geðheilsuteymi sem starfaði á öllu Norðurlandi. Að sögn stjórnenda HSN standa góðar vonir til þess að verkefnið fái fjárstuðning á árinu 2019.

- **Efla heilsugæslu eldri borgara.**

Embætti landlæknis benti í ábendingum sínum m.a. á að HSN þyrfti að huga að eflingu heilsugæslu eldri borgara á öllum starfsstöðvum sínum. Heilsugæslustöðin á Akureyri hefur verið með heilsueflandi heimsóknir til eldri borgara sem miða að því að styrkja færni og sjálfstæði fólks til að búa eins lengi heima og kostur er. Stjórn HSN hefur uppi áform um að taka upp slík vinnubrögð á öllum meginstarfsstöðvum stofnunarinnar.

MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

Ljóst er að stjórnendur HSN hafa tekið tillit til ábendinga Embættis landlæknis og unnið töluverða umbótavinnu varðandi ýmsa þætti starfseminnar. Hins vegar ráðast sumir þættir starfseminnar meira eða minna leyti af ytri skilyrðum sem koma í veg fyrir að hægt sé að uppfylla kröfur sem embættið hvatti til, s.s. læknamönnun.

Embættið gerir því ekki frekari athugasemdir að svo stöddu.